

ÍMÚR múrgrunnur

NOTKUNARSVIÐ:

Múrgrunnur er ætlaður til að grunna undir múrlög á steypa og múraða fleti. Grunnurinn bætir viðloðun og minnkar vatnsdrægni undirlagsins. Grunninn má nota bæði úti og inni.

EFNISLÝSING:

Múrgrunnurinn er akrýlplastpeyta, sem hefur mikinn stöðugleika. Í grunninum eru efni sem bæta viðloðun þegar blaut ílöggnin kemur yfir.

NOTKUN:

Múrgrunnurinn er tilbúinn til notkunar án sérstakrar þynningar með vatni. Grunninn skal pensla, rúlla eða sprauta á flötinn og láta síðan þorna eða standa í a.m.k. 1–2 klst., eða þar til hann er orðinn límkenndur. Ekki má líða meira en sólarhringur frá grunnun þar til múrlag er lagt yfir hann. Ef það gerist þarf að grunna aftur. Grunninn skal ekki nota við hitastig undir 5°C. Efnisnotkun er um 0,1–0,2 lítrar/m² í umferð. Gleypna fleti þarf að tvígrunna og þarf grunnurinn að þorna milli umferða.

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR:

Bindiefni	Akrýlplastpeyta
Hjálparefni	Yfirborðsvirk efni
Sýrustig pH	7,5
Lægsta húðmyndunarstig	5°C
Viðloðun:	
- Við þétta steypu	> 2,3 Mpa
- Við epoxýlakkhúð	> 1,8 Mpa
- Við pólýúretanlakkhúð	> 1,4 MPa

HREINSUN:

Best er að þrifa verkfæri og áhöld upp úr volgu vatni strax eftir notkun.

GEYMSLA OG UMBÚÐIR:

Múrgrunnurinn má ekki frjósa. Hann fæst í 1,5 og 10 lítra brúsum.

September 1999